

# STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 2001

1. nóvember 2001

2523

Nr. 822

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rifsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Rifsbanka, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 07'00 N — 15° 42'00 V
2. 66° 54'00 N — 15° 31'00 V
3. 66° 54'00 N — 15° 45'00 V
4. 67° 06'00 N — 15° 54'00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*